

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Grunnskóla Grindavíkur er hluti af skólanámskrá og tekur mið af jafnréttisáætlun Grindavíkurbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. maí 2014 og Laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Inngangur

Í Grunnskóla Grindavíkur er reynt að koma á og viðhalda jafnrétti kynjanna og stuðla að því að hver einstaklingur verði metinn á eigin forsendum. Við virðum og nýtum þann auð sem fólgin er í fjölbreytileikanum. Starfsfólk og nemendur eiga að hafa sömu möguleika og sama rétt í öllu skólastarfi óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni, aldri, trú, búsetu, stjórnmalaskoðunum, efnahag, ætterni eða fötlun innan síns verksviðs. Kynbundin og önnur hverskonar mismunur er óheimil og er það stefna skólans að útrýma slíkum mismun.

Gildistími jafnréttisáætlunar

Þessi endurskoðaða jafnréttisáætlun skólans tók gildi í nóvember 2018. Samkvæmt 18. gr jafnréttislaga er hún endurskoðuð á þriggja ára fresti og samkvæmt því fer næsta endurskoðun fram í september 2021.

Starfsfólk

Stefna

- 1. Leitast skal við að jafna, eftir því sem kostur er, hlutfall kvenna og karla í hinum ýmsu störfum innan skólans.**

Staða: Kynjahlutfall starfsmanna er um 20% karlar og um 80% konur.

Leiðir:

- í auglýsingum stjórnenda um laus störf skulu karlar hvattir til þess að sækja um þar sem færri karlar eru starfandi við skólann. Skoða þarf orðalag starfsauglýsinga og passa að það sé í anda jafnréttislaga,
- þegar ráðið er í störf og valið stendur á milli jafn hæfra umsækjenda af gagnstæðu kyni skal ráða þann sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsstétt,
- kynna skólann fyrir nýútskrifuðum kennurum,
- skoða árlega starfsmannalista með tilliti til upplýsinga um kynjaskiptingu starfsfólks og kennara,
- að starfsumhverfið sé þess eðlis að það sé hvetjandi fyrir bæði kyn að starfa þar

Ábyrgð: Skólastjóri

Hvenær: Frá hausti 2014 þar til kynjahlutföll verða jöfn.

- 2. Karlar og konur skulu hafa jafna möguleika til stjórnunarstarfa.**

Staða: Allir stjórnendur skólans eru konur.

Leiðir:

- að valið sé í stjórnunarstöður með tilliti til þeirrar kynjaskiptingar sem fyrir er í starfsmannahópi skólans.

- starfsumhverfið þarf að vera þess eðlis að það sé hvetjandi fyrir bæði kynin að sækja um.

Ábyrgð: Bæjarráð, skólanefnd og skólastjóri

Hvenær: Næst þegar losnar stjórnendastaða

3. Allt starfsfólk á að hafa sömu laun fyrir sömu vinnu, óháð kyni.

Staða: Skólastjóri og launafulltrúi bera ábyrgð á að greiða laun skv. kjarasamningum.

Leiðir:

- launafulltrúi bæjarins/skólastjórnendur fara eftir launataxta,
- launataxtar þurfa að vera aðgengilegir öllum starfsmönnum,
- starfsfólk skal vera meðvitað um launakjör og fylgjast með hvort það raðist rétt í launaflokka,
- trúnaðarmaður gæti hagsmuna starfsfólks síns stéttarfélags.

Ábyrgð: Launafulltrúi Grindavíkurbæjar

Hvenær: Reglulegt eftirlit a.m.k. annað hvert ár.

4. Tækifæri kynjanna til aukinnar ábyrgðar og/eða tekjuöflunar skulu vera jöfn.

Staða: Skólastjóri og launafulltrúi bera ábyrgð á að greiða laun skv. kjarasamningum. Laun fyrir verkefni hafa verið ljós í byrjun verks. Kynjahlutföll í nefndum og ábyrgðarstörfum er í sama hlutfalli og kynjahlutföll meðal starfsmanna.

Leiðir:

- auglýsa launuð ábyrgðarstörf innan skólans (fagstjórn, hópstjórn, nefndir, ábyrgð á ýmsum verkum o.fl.). Starfsfólki er gert kleift að óska eftir breyttu starfshlutfalli í starfsmannasamtölum,
- tryggt skal að allir hafi jafnan rétt til yfirvinnu og launauppbóta hverskonar,
- ábyrgðarstörf og nefndir skulu endurspeglar kynjahlutfall starfsfólks,
- starfslýsingar og upplýsingar um laun fyrir verkefni/ábyrgð skulu vera ljós.

Ábyrgð: Skólastjóri og launafulltrúi

Hvenær: Frá og með hausti 2015

5. Allt starfsfólk á að hafa sömu tækifæri til endur- og símenntunar óháð kyni.

Staða: Boðið er upp á endur- og símenntun fyrir allan starfsmannahópinn og einstaklingar geta líka óskað eftir að fara á námskeið, ráðstefnur og kynningar.

Leiðir:

- kynna fyrir starfsfólki þau endur- og símenntunarnámskeið sem eru í boði og hvetja fólk til að sækja um,
- starfsfólk hvatt til þess að leita eftir námskeiðum á sínu starfssviði sem eflir það og starf skólans,
- allir skulu hafa jafnan rétt til endurmenntunar,
- gæta skal þess að í hópastarfi og umbóta- og þróunarvinnu séu bæði kyn starfandi.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, launafulltrúi sem sér um endur- og símenntun starfsmanna Grindavíkurbæjar, trúnaðarmenn.

Hvenær: Þegar endur- og símenntunaráætlun er endurskoðuð, síðast í maí 2018, síðan ætíð þegar við á.

6. Stefna skal að því að bæði kyn séu í umsjónarkennslu á hverju aldurstigi.

Staða: Hlutfall umsjónarkennara, 22% karlmenn og 78% konur gegna þessu starfi.

Leiðir:

- leitast við að hafa jafnt kynjahlutfall starfsfólks á öllum stigum,
- karlmenn hvattir til þess að sækja um kennslu á yngra bekkjarstigi,
- leitast við að fá karlmenn til að kenna einstaka námsgreinar á hverju aldurstigi ef þeir fást ekki í umsjónarkennslu á öllum aldurstigum.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Hvenær: Frá og með hausti 2014

7. Gera starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.

Staða: Ákveðinn sveigjanleiki er í vinnutíma kennara og annarra starfsmanna. Starfsmönnum er gert kleift að sinna fjölskyldumálum ef þess gerist þörf.

Leiðir:

- í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að stafs menn, jafnt karlar sem konur, geti samræmt sem best starfskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu,
- vinna að ákveðinni fjölskyldustefnu fyrir starfsfólk skólans,
- gefa kennurum kost á að vinna hluta af sinni undirbúningsvinnu heima og hafa um leið sveigjanlegan vinnutíma,
- reyna að komast hjá því að hafa fundartíma og endurmenntunarnámskeið á kvöldin og um helgar,
- auðvelda starfsfólki að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða feðraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna,
- bjóða uppá barnagæslu þegar þannig stendur á,
- gera starfsfólki kleift að vera í hlutastarfi.

Ábyrgð: Skólastjóri í samvinnu við jafnréttisráð Grindavíkurbæjar

Hvenær: Þegar við á

8. Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verða ekki liðin.

Staða: Unnið er eftir eineltisáætlun og uppbyggingarstefnu skólans. Auk þess var samþykkt eineltisáætlun Grindavíkurbæjar vorið 2014 sem gildir fyrir alla starfsmenn bæjarins.

Leiðir:

- skólastjórnendur senda út skýr skilaboð til starfsfólks þar sem þeir gera starfsfólki ljóst að slík hegðun sé ekki liðin og á henni verði tekið,
- fræðsla um samskipti á vinnustað, einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni,

Skólanámskrá – Almennur hluti - Jafnréttisáætlun

- gerð áætlun fyrir yfirmenn og vinnuverndarfulltrúa starfsmanna um það hvaða aðgerða skuli gripið til ef starfsmaður verður uppvís að einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni,
- hópefli starfsfólks,
- unnið í samræmi við Stefnu Grindavíkurbæjar og Viðbragðsáætlun í eineltismálum frá vorinu 2014.

Ábyrgð: skólastjóri og jafnréttisráð Grindavíkurbæjar

Hvenær: Frá 2014 þegar jafnréttisáætlun Grindavíkurbæjar var samþykkt.

19. nóvember 2018

Jafnréttisstofa hefur mótttekið og yfirfarið jafnréttisáætlun Grunnskóla Grindavíkur og uppfyllir hún kröfur sem gerðar eru til slíkra áætlana. Jafnréttisstofa óskar skólanum alls hins besta í skólastarfinu.

Góð kveðja,
Arnfríður Aðalsteinsdóttir
Sérfræðingur á Jafnréttisstofu
Sími 460 6200

Nemendur
Stefna

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kyns, kynhneigðar, þjóðernis, aldurs, trúar, búsetu, stjórnámálaskoðana, efnahags, ætternis eða fötlunar og orðræða starfsfólks skal taka mið af því. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja í skólastarfinu.

1. Fræðsla

Leitast skal við að vinna samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla þar sem markmið tengd jafnréttismálum eru tilgreind.

Staða: Kennarar vinna skv. aðalnámskrá og setja kennslumarkmið og aðferðir í kennsluáætlun.

Leiðir:

- kynjafræðsla verði á öllum stigum skólans með tilliti til aldurs nemenda,
- Grunnskóli Grindavíkur starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár. Markmið sem lúta að kennslu í jafnréttismálum eru tilgreind í mörgum greinum og skulu kennarar taka mið af því,
- gagnagrunnurinn www.menntagatt.is er aðgengilegur fyrir kennara og þar má finna námsefni og verkefni sem eiga að fylgja jafnréttismarkmiðum aðalnámskrár. Einnig gefst kennurum þar tækifæri til að leggja inn verkefni og þannig má byggja upp góðan hugmynda- og verkefnabanka,
- á síðunni www.jafnrettiiskolum.is er einnig að finna námsefni og upplýsingar sem nýtast við kennslu,
- kennarar nýti sér það námsefni sem samið hefur verið út frá fyrirtöldum leiðbeiningum (sé það fyrir hendi) en gæti þess að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem t.d. sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjunum að einhverju leyti,
- árlega verði ákveðin vika í september tileinkuð jafnrétti.

Ábyrgð: Umsjónarkennarar

Hvenær: Unnið er með jafnréttismál í öllum árgöngum í gegnum Uppbyggingastefnuna þar sem mikið er fjallað um mitt og þitt hlutverk. Einnig er unnið með jafnréttismál í lífsleikni þá sérstaklega á elsta stigi skólans. Í námsvísun koma fram áherslur hvers árgangs.

2. Náms- og starfsfræðsla

Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burt séð frá kyni.

Staða: Námsráðgjafi ásamt umsjónarkennurum sér um náms- og starfsfræðslu

Leiðir:

Skólanámskrá – Almennur hluti - Jafnréttisáætlun

- Atvinnukynningar í skólunum – Fólk af vinnumarkaðnum fengið til að halda stutta fyrirlestra og svara fyrirspurnum. Leitast verði við að fá fólk sem hefur valið sér óhefðbundnar leiðir m.t.t. kyns í námi og starfi,
- Atvinnulífskynningar – Nemendur fá tækifæri til að kynna sér atvinnulífið á eigin skinni. Hvatt verði til þess að nemendur prófi það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni,
- Áhugasviðsgreining – slík greining standi nemendum til boða
- Fyrirlestur – fulltrúar frá Jafnréttisstofu fengnir til að kynna jafnréttislög, starfsemi stofunnar og jafnrétti með tilliti til launa. Einnig að fá þá til að ræða við nemendur um kynbundið náms- og starfsval og staðalmyndir kynja á vinnumarkaði, þetta er gert í 9. bekk.
- Gerð verði grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í kennsluáætlunum.

Ábyrgð: Námsráðgjafi, kennarar

Hvenær: Dreifist á skólaárið, tengist skóladagatali og starfs- og kennsluáætlunum

3. Kennslu- og námsgögn

Námsgagnastofnun hefur útbúið gátlista, þar sem m.a. er horft til kynjasjónarmiða, sem öllum höfundum og öðrum sem vinna fyrir stofnunina er gert að hafa að leiðarljósi.

Staða: Kennarar nýta þau gögn sem þeir telja best fallin til fræðslunnar

Leiðir:

- Aðstoðarskólastjóri/deildastjóri pantar námsgögn fyrir nemendur og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara.

Ábyrgð: Kennarar

Hvenær: Að vori eða við upphaf skóla þegar kennsla er skipulögð og bækur pantaðar.

4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og/eða kynferðislegri áreitni í skólanum hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Staða: Skólahjúkrunarfræðingur ásamt kennurum sér um fræðslu og upplýsingar. Starfandi er eineltisteymi við skólann og nemendaverndarráð.

Leiðir:

- Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrá.
- Á hverju hausti verður farið yfir það með starfsfólki skólans hvað getur falist í kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í samskiptum nemenda og starfsmanna.
- Nemendum verður kynnt hvert þeir geta leitað.

Ábyrgð: Stjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og starfsfólk skólans.

Hvenær: Jafnt og þétt yfir veturinn í öllum árgöngum.

Annað hvert ár kemur gestafyrirlesari og fjallar um þessi mál við elstu nemendur skólans.

Hugmyndalisti um jafnréttisfræðslu með nemendum

- Vekja áhuga drengja á kennslu, t.d. með því að leyfa þeim að aðstoða við kennslu í yngri bekkjum. Hægt að gera sem valgrein.
- Gæta þess að þjóða báðum kynjum hefðbundin verkefni eins og t.d. fyrir árshátíð.
- Þegar kosið er í ráð meðal nemenda þá sé ávallt haft í huga að kynjahlutfallið sé sem jafnast.
- Þegar rýnihópar nemenda eru myndaðir þá sé ávallt haft í huga að kynjahlutfallið sé sem jafnast.
- Skoða aðsókn kynjanna að valgreinum.
- Huga að rýnihópi nemenda um jafnréttismál.
- Umræða um jafnréttismál - þjóðfundarform